



UMHVERFIS
STOFNUN

Skýrsla teymis efnamála fyrir árið 2019

Efnisyfirlit

| | |
|--|---|
| 1. Inngangur | 2 |
| 2. Greining Evrópugerða..... | 2 |
| 4. Eftirlitsverkefni | 3 |
| 5. Tilkynningar frá heilbrigðisnefndum | 3 |
| 6. Fyrirspurnir | 3 |
| 7. Gagnaskil teymis efnamála..... | 4 |
| 8. Erlent samstarf | 5 |
| 9. Fréttir frá teymi efnamála 2019 | 5 |

1. Inngangur

Teymi efnamála Umhverfisstofnunar hefur haft með höndum markaðseftirlit með efnum og efnablöndum frá því í byrjun árs 2014. Á árinu 2019 var áfram unnið að fjölbreyttum eftirlitsverkefnum skv. áætlun teymisins og haldið áfram að móta verklag í eftirliti. Hlutverk Umhverfisstofnunar skv. efnalögum og þar með teymis efnamála er tilgreint í 5. gr. efnalaga. Verkefnin eru margþætt og eru þau helstu tilgreind í þessari samantekt.

2. Greining Evrópugerða

Íslensk löggjöf um efnamál byggir á löggjöf Evrópusambandsins og fylgir Ísland þannig stefnu sambandsins á þessu sviði. Eitt af föstu verkefnum teymis efnamála er að greina áhrif af reglugerðum, tilskipunum og ákvörðunum Evrópusambandsins varðandi efnamál áður en þær eru teknar inn í EES-samninginn og hefur fjöldinn verið um 100 á hverju ári. Langflestar greiningar eru svokallaðar hraðgreiningar en innleiðing slíkra gerða kallar hvorki á aðlögun né lagabreytingar eða aukinn kostnað og eru þær fljótunnar. Greining á gerðum sem varða plöntuverndarvörur fara þó ekki í hraðgreiningu og það sama gildir um gerðir sem líklegar eru til þess að hafa veruleg áhrif í för með sér hér á landi fyrir atvinnulífið eða stjórnvöld. Allar greiningar á gerðum fara nú inn í EES-gagnagrunninn þar sem hægt er að setja texta beint inn og er það til mikils hagræðis í þessari vinnu.

| Málaflokkur | Fjöldi 2015 | Fjöldi 2016 | Fjöldi 2017 | Fjöldi 2018 | Fjöldi 2019 |
|--|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| REACH | 8 | 10 | 7 | 3 | 6 |
| Flokkun og merking | 7 | 4 | 1 | 2 | 2 |
| Sæfivörur | 21 | 44 | 30 | 21 | 19 |
| Plöntuverndarvörur | 34 | 42 | 45 | 50 | 41 |
| Snyrtivörur | 7 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| Ósoneyðandi efni og gróðurhúsalofttegundir | 1 | 4 | 1 | 0 | 0 |
| Þvotta- og hreinsiefni | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Eldsneyti | 2 | 1 | 4 | 0 | 7 |
| Þrávirk lífræn efni og rokgjörn lífræn efni | 4 | 1 | 0 | 2 | 1 |
| Kvikasilfur | 4 | 1 | 2 | 0 | 0 |
| Takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði (RoHS) | - | - | 6 | 18 | 5 |
| Samtals | 84 | 112 | 99 | 98 | 90 |

4. Eftirlitsverkefni

Samkvæmt efnalögum skal Umhverfisstofnun útbúa eftirlitsáætlun til þriggja ára og gildi fyrsta slíka áætlunin fyrir tímabilið 2014-2016 en núna er unnið skv. áætlun sem gildir fyrir 2017-2019. Á árinu 2019 var unnið að 7 skilgreindum eftirlitsverkefnum og eru niðurstöður úr þeim birtar á heimasíðu stofnunarinnar

<https://ust.is/atvinnulif/efni/efnaeftirlit/eftirlitsverkefni/eftirlitsverkefni-2019/>

| Eftirlitsverkefni | | Fjöldi eftirlitsþega | Fjöldi eftirlitsferða |
|-------------------|---|-----------------------------------|-----------------------|
| 1 | Skráningar efna skv. REACH í kjölfar síðasta skráningarfrests | 8 | 8 |
| 2 | Flokkun, merking og þökkun á hættulegum efnablöndum hjá innlendum framleiðendum | 14 | 14 |
| 3 | Eftirlit með merkingum og umbúðum uppkveikivökva fyrir grill | 7 | 7 |
| 4 | Plöntuverndarvörur á markaði 2019 | 3 | 4 |
| 5 | Söluskrár 2018 fyrir plöntuverndarvörur og útrýmingarefni til notkunar í atvinnuskyni | 5 | Skrifborðseftirlit |
| 6 | Úttekt á tollafgreiðslu plöntuverndarvara 2017 | 2 | Skrifborðseftirlit |
| 7 | Efnagreiningar á ryki innandýra | Tekin voru 5 sýni úr ryksugupokum | |

Á árinu 2019 var tekin upp sú nýbreytni að birta á heimasíðu stofnunarinnar upplýsingar um niðurstöður efnaeftirlits og til hvaða úrræða var gripið, jafnóðum og ákvarðanir um slíkt lágu fyrir. Er þetta í samræmi við ákvæði í 5. mgr. 49. gr. efnalaga og voru alls birtar 4 slíkar tilkynningar á árinu 2019.

5. Tilkynningar frá heilbrigðisnefndum

Í efnalögum er heilbrigðisnefndum sveitarfélaga falið að hafa eftirlit með meðferð og merkingum efna í starfsleyfis- og skráningarskyldri starfsemi sem heyrir undir starfsleyfi sem nefndirnar gefa út og/eða hafa eftirlit með á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skulu nefndirnar upplýsa Umhverfisstofnun ef vart verður við hugsanleg brot á þáttum sem falla undir lögin og bregst stofnunin í kjölfarið við með því að gera kröfur til birgja um að gera viðeigandi úrbætur.

Árið 2019 bárust 6 tilkynningar um vanmerktar vörur frá HES sem Umhverfisstofnun brást við með því að gera kröfur til birgja um úrbætur með viðeigandi eftirfylgni og í öllum tilfellum var orðið við kröfum stofnunarinnar án þess að grípa þyrfti til þvingunarúrræða.

| Viðbrögð Umhverfisstofnunar | Fjöldi 2014 | Fjöldi 2015 | Fjöldi 2016 | Fjöldi 2017 | Fjöldi 2018 | Fjöldi 2019 |
|-----------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Krafa um úrbætur | 22 | 9 | 3 | 5 | 8 | 6 |

6. Fyrirspurnir

Á hverju ári berast Umhverfisstofnun fjöldi fyrirspurna um efnamál sem reynt er að svara fljótt og vel. Markmiðið er að skrá allar fyrirspurnir í skjalakerfi stofnunarinnar óháð því hvernig þær berast.

Skráðar fyrirspurnir í skjalakerfi 2019 voru alls 450 sem er ívið meira en árin 2017 og 2018 og ljóst að umtalsverður tími hjá teymi efnamála fer í það að svara fyrirspurnum en samkvæmt verkþókhaldi var varið í það alls 840 vinnustundum. Hér að neðan má sjá hvernig fyrirspurnir skiptust á málaflokka.

| Málaflokkur | Fyrirspurnir 2016 | Fyrirspurnir 2017 | Fyrirspurnir 2018 | Fyrirspurnir 2019 |
|---------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| REACH | 46 | 25 | 12 | 21 |
| Flokkun og merking | 44 | 58 | 42 | 54 |
| Sæfivörur | 81 | 56 | 53 | 45 |
| Snyrtivörur | 56 | 67 | 65 | 66 |
| Plöntuverndarvörur | 45 | 64 | 78 | 77 |
| Notendaleyfi | 97 | 78 | 82 | 109 |
| Eldsneyti | - | 12 | 12 | 7 |
| Aðrar fyrirspurnir ¹ | 44 | 53 | 78 | 71 |
| Samtals | 413 | 408 | 422 | 450 |

¹ Aðrar fyrirspurnir: Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, ósoneyðandi efni, þvotta- og hreinsiefni og þær sem ekki falla í ákveðin málaflokk.

7. Gagnaskil teymis efnamála

Umhverfisstofnun ber skylda til að skila ýmsum gögnum til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og UNEP skv. lögum og reglugerðum. Að auki skilar stofnunin gögnum til OECD, FAO og fleiri aðila. Gagnaskil teymis efnamála á árinu 2019 koma fram hér að neðan.

| Skýrsla | Móttakandi | Skilafrestur | Skilað 2019 |
|--|------------|-------------------|---------------|
| Gæði eldsneytis (bensín og dísil) fyrir Ísland vegna 2018 | ESA | 30. júní ár hvert | 25. júní |
| Brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti fyrir Ísland vegna 2018 | ESA | 30. júní ár hvert | 25. júní |
| Losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku | ESA | 30. júní ár hvert | 25. júní |
| Gagnaskil um ósoneyðandi efni | UNEP | 30. september | 30. september |
| Markaðsetning á plöntuverndarvörum | OECD | Apríl árlega | 15. mars |
| Notkun á plöntuverndarvörum | FAO | Óreglulegur | 16. október |
| Sala á plöntuverndarvörum 2018 | Hagstofan | Óreglulegur | 18. ágúst |

8. Erlent samstarf

Þátttaka í erlendu samstarfi er mikilvægur þáttur í starfi teymis efnamála og leggur teymið megin áherslu á að taka þátt í norrænu samstarfi og starfi Efnastofnunar Evrópu. Segja má að Efnastofnun Evrópu sé leiðandi í samstarfi EES-ríkjanna á sviði efnamála og þar er Ísland virkur þátttakandi sem er afar þýðingarmikið fyrir þennan málaflokk. Þá er norræna samstarfið á sviði efnamála afar mikilvægt fyrir okkur vegna þess að í því myndast nánari tengsl heldur en á vettvangi ESB og hægt að leita sér hjálpar og spyrjast fyrir um norræna framkvæmd í stórum sem smáum álitamálum með lítilli fyrirhöfn. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þátttöku teymis efnamála í fundum og málstofum á árinu 2019 en auk þess að sækja þessa fundi tóku meðlimir teymisins þátt í fjölmörgum fjarfundum, en þeim hefur farið mjög fjölgandi þessi misserin.

| Dagsetning | Fundur |
|------------------|---|
| 28.-30. janúar | Norræni efnahópurinn (NKE) í Kaupmannahöfn, einn starfsmaður tók þátt, sem fulltrúi Íslands í stýrihópi. |
| 27.-28. febrúar | Norræni efnaskimunarhópurinn (NScG) í Kaupmannahöfn, einn starfsmaður tók þátt. |
| 8.–9. maí | Norræni eftirlitshópurinn í Reykjavík. Teymi efnamála hafði umsjón með fundinum og tóku 7 starfsmenn þátt. |
| 13.-14. maí | Norræni óson- og F-gasahópurinn (NOG) í Stokkhólmi, einn starfsmaður tók þátt. |
| 11.-14. júní | Ráðstefna um snyrtivörur í Brussel, einn starfsmaður tók þátt. |
| 28.-29. ágúst | Norræni efnahópurinn (NKE) í Fredrikstad, einn starfsmaður tók þátt, sem fulltrúi Íslands í stýrihópi. |
| 24. október | Samskiptanet Efnastofnunar Evrópu í Helsinki, einn starfsmaður tók þátt |
| 4.-7. nóvember | 34. fundur samráðshóps um skipti á upplýsingum varðandi efnaeftirlit (REACH Forum-34). Haldinn í Helsinki, einn starfsmaður tók þátt. |
| 12.-13. nóvember | Norræni plöntuverndarhópurinn (NPIVG) í Riga, einn starfsmaður tók þátt. |

9. Fréttir frá teymi efnamála 2019

Teymi efnamála leggur áherslu á að kynna niðurstöður úr öllum eftirlitsverkefnum sem það stendur fyrir og er það gert með fréttatilkynningu sem birt er á vef stofnunarinnar og send til fjölmiðla.

Á árinu 2019 voru birtar alls 18 fréttatilkynningar á vegum teymisins og af þeim fjölluðu 7 um niðurstöður eftirlitsverkefna og 3 um stöðvun markaðssetningar og/eða innköllun á ólögulegum vörum.

| Dags. | Frétt |
|-----------|---|
| 19. okt. | Aukinn innflutningur á illgresiseyðum 2018 en minna álag á heilsu og umhverfi |
| 4. okt. | 88% með notendaleyfi í gildi við kaup á plöntuverndarvörum |
| 25. sept. | Lítill breyting í brennisteinsinnihaldi skipaeldsneytis milli ára |
| 20. ágúst | Færri frávik í eftirliti með plöntuverndarvörum |

| Dags. | Frétt |
|----------|--|
| 11. júlí | Varnir gegn lúsmýi – Hvaða vörur eru löglegar á markaði í dag? |
| 4. júlí | Merkingar á uppkveikivökum fyrir grill ófullnægjandi |
| 28. maí | Endurskinsmerki innkölluð í kjölfar eftirlits Umhverfisstofnunar |
| 23. maí | Kynningarfundur: Vissir þú að sóttþreinsivörur þurfa markaðsleyfi? |
| 8. maí | Bann við notkun eitrefnisins metanóls í rúðuvökum |
| 5. apríl | Misbrestur á merkingum vöru |
| 21. mars | 71% stíflueyða með ófullnægjandi merkingar |
| 11. mars | Ólöglegar sæfivörur á markaði – merkingum oft ábótavant |
| 25. feb. | Námskeið um meðferð varnarefna 4. - 8. mars 2019 |
| 8. feb | Hættumerkingum skotelda ábótavant |
| 5. feb. | Umhverfisstofnun stöðvar markaðssetningu á bóraxi |
| 1. feb. | Umhverfisstofnun stöðvar markaðssetningu á rúðuvökva |
| 1. feb. | Föndurlist innkallar Bórax |
| 9. jan. | 4,6% samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu og flutnings á fljótandi eldsneyti |